

43

Fluttar kr. 3432,27

## 4. Eptirstöðvar við árslok 1885:

a. Ríkisskuldabryf . . . . .	kr. 29190,00	
b. Skuldabryf einstakra manna . . . . .	— 37119,45	
c. Ógoldnir vextir til 11. júní 1885 . . . . .	— 162,00	
d. Í peningum . . . . .	— 359,89	— 66831,34

Gjöld alls kr. 70264,06

Stiptysfirvöld Íslands, Reykjavík 6. marz 1886.

*Magnús Stephensen*      *P. Pjetursson.*  
settur.

44

## Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um bráðabirgðaruppbót handa

31. marz. fátækum brauðum. — Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi dags. 29. p. m., vil jeg hjermeð fallast á, að eptirnefndum prestaköllum verði af fje því, sem ræðir um í 13. gr. A. b. 2. fjárlaganna fyrir árin 1886 og 1887 veitt bráðabirgðaruppbót sú fyrir næstkomandi fardagaár, sem hjer segir.

1. Kálfafellsstaður . . . . .	fái 200 kr.
2. Sandfell . . . . .	— 500 —
3. Staður í Grindavík . . . . .	— 300 —
4. Staður í Aðalvík . . . . .	— 600 —
5. Tjörn á Vatnsnesi . . . . .	— 300 —
6. Goðdalir . . . . .	— 100 —
7. Grímsey . . . . .	— 200 —
8. Hvanneyri . . . . .	— 300 —
9. Höfði . . . . .	— 100 —
10. Þönglabakki . . . . .	— 400 —
11. Lundarbrekka . . . . .	— 300 —
12. Sauðlauksdalur . . . . .	— 250 —
13. Skarðsþing . . . . .	— 250 —
14. Meðallandsþing . . . . .	— 100 —
15. Þykkvabæjarklaustur . . . . .	— 100 —

4000 kr.

Þetta undanfelli jeg eigi hjermeð þjónustusamlega að tjá yður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum, og skal jeg jafnframt geta þess, að jeg í dag hefi skrifað landfógetanum um útborgun á uppbótarfje þessu samkvæmt ráðgjafabrjefi 11. nóvbr. 1881 (B. 161).

45

## Brjef landshöfðingja til stiptysfirvaldanna yfir Íslandi um úthlutun á við-

5. apríl. bótarstyrk við eptirlaun uppgjafapresta og prestsekkna. — Með þóknanlegu brjefi, 20. jan. p. á., hafið þjer, háæruverðugi herra, beiðzt leiðbeiningar landshöfðingjans um það, eptir hvaða reglum úthluta beri þeim 3000 kr., sem veittar hafa verið í fjárlögum um fyrir 1886 og 1887 13. gr. A. b. 6. sem viðbót við eptirlaun þau, er fátækir upp-